



Garðabæ 28. júní 2019

Íþróttá- og tómstundaráð Garðabæjar
B.t. Kára Jónssonar

Varðandi:

Ferðastyrk fyrir skáta af Álftanesi sem fara á Alheimsmót skáta í Bandaríkjunum í júlí 2019.

Fjórða hvert ár er haldið alheimsmót skáta á mismunandi stöðum í heiminum og sumarið 2019 verður 24. mótið haldið. Alheimsmótið verður haldið að þessu sinni í Bandaríkjunum dagana 22. júlí - 2. ágúst. Alheimsmót skáta er ætlað skátum á aldrinum 14 til 17 ára og þangað koma skátar frá flestum þjóðum heims og er því um einn stærsta viðburð í skátastarfi að ræða. Stór hópur skáta fer frá Íslandi og frá Skátafélaginu Svönum fara eftirtaldir þátttakendur:

Andrés Haukur Andrésson	111104-3520
Andri Snær Gunnarsson	141202-2780
Ísabel Esme Edwards	090102-2490
María Ósk Jónsdóttir	270804-3490
Hólmfríður Sunna Stefánsdóttir Linnet	280302-2790

Að fara á *Jamboree* er einn af hápunktum skátastarfs og auðvitað gríðarleg upplifun fyrir skátana. Þeir fá þar einstakt tækifæri til að upplifa menningu og siði fjarlæggra landa og auka þannig þekkingu sína og skilning á mismunandi þjóðfélagsháttum. Þetta dregur úr fordómum og stuðlar þannig að auknu umburðalyndi og friði í heiminum.

Að fara á Alheimsmót í Bandaríkjunum kostar sitt og er kostnaður á hvern þátttakanda um 460 þúsund. Fordæmi eru fyrir því að Garðabær styrki slíkar ferðir, en það var gert fyrir síðasta alheimsmót skáta, í Japan 2015.

Við í stjórn Svana vitum að þeir skátar sem fara erlendis á stóra viðburði eins og *Jamboree* eflast og þroskast gríðarlega og koma til baka enn áhugasamari og öflugari leiðtogar en áður og þess njótum við í enn gróskumeira starfi þeirra sem virkra þátttakenda og foringja eftir mótin.

Með það að leiðarljósi sækir stjórn Svana um ferðastyrk þeim til handa og vonum við innilega að það fái jákvæða meðhöndlun.

Með skátakveðju f.h. stjórnar Svana,

Arnór Bjarki Svarfdal, félagsforingi.